



Stjórnarráð Íslands
Dómsmálaráðuneytið

dmr@dmr.is
545 9000

Borgartúni 26
105 Reykjavík

stjornarradid.is

Réttarfarsnefnd
Ása Ólafsdóttir, formaður

Reykjavík 19. júní 2023
Tilv.: DMR23050239/4.1

Ráðuneytinu hefur borist meðfylgjandi erindi Lögmannafélags Íslands, dagsett 26. maí 2023, þar sem talin er þörf á breytingum á lögum nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Í erindinu er þeirri skoðun lýst að einsýnt sé að breyting á lögnum, í þá veru að ekki komi til þess að aðilar skili greinargerðum í kærumálum fyrir Hæstarétti Íslands fyrr en fyrir liggi hvort dómstóllinn fallist á framkomna ósk um kæruleyfi, feli í sér hagræði fyrir alla aðila og hafi að sama skapi í för með sér minni kostnað fyrir aðila.

Ráðuneytið óskar hér með afstöðu réttarfarsnefndar til þessarar tillögu ásamt helstu kostum og göllum sem hún kynni að hafa í för með sér.

Fyrir hönd ráðherra

Bryndís Helgadóttir